

♥
**HJARTA
HAFNARFJARÐAR**

1. tbl. desember 2013

**Velkomin í
Jólaborpið**
Dagskrá á hls. 30-31

Velkomin
í Fjörð

***Jólagjafirnar
fást hjá okkur!***

FJÖRÐUR
– Vínaleg verslunarmiðstöð

Leiðari

Þá hefur hafið göngu sína nýtt blað í Hafnarfirði sem fékk það ágæta nafn Hjarta Hafnarfjarðar. Þar er tekin fyrir allur sá margbreytileiki sem Hafnarfjörðurinn hefur upp á að bjóða, hvort sem er í verslun, þjónustu, list eða menningu. Gerum við svolitíð út frá miðbæjarsvæðinu en í rauninni er



allt það sem viðkemur Hafnarfirði og á erindi til umfjöllunar með opnar dyr í þessu blaði. Í þessu fyrsta tölublaði einblínum við svolitíð á Jólaborpið og stemninguna sem myndast í miðbæjarhlutanum. Er ekki annað hægt að segja en að Jólaborpið sé vaxandi ár frá ári og er jólastemningin í miðbæ Hafnarfjarðar orðin að alvöru dæmi með öllum sínum þáttum og komin ákveðin hefð fyrir þessu sem fólk er farið að reikna með. Er þetta orðið þannig að menn þurfa ekkert að leita lengra en í Hafnarfjörðinn, þar er allt til alls, enda hefur það stórum farið í aukana hvað þetta hefur uppgötvast og þarf t.d.

fólk frá Suðurnesjunum ekkert að fara lengra en í Hafnarfjörðinn. Svo er miðbæjarlífið alltaf að blómgast meir og meir og hafa Miðbæjarsamtökin blásið vind í seglin og menn ætla að gera Hafnarfjörðinn og miðbæinn að góðum stað til að heimsækja, taka höndum saman og gera Hafnarfjörðinn að því sem hann er og á að vera: þrælskemmtilegur! Það verð ég að segja að á öllum mínum blaðamannsferli við hin margvíslegustu blöð sem ég hef unnið við að aldrei hef ég fundið eins mikla velvild, bjartsýni og gleði eins og var í miðbæ Hafnarfjarðar þegar við fórum að vinna að þessu

blaði. Er staðan orðin þannig að það er hugur í mönnum að gefa þetta blað út reglulega fjórum sinnum á ári og þá eftir árstíðum, páskaþlað, sumarþlað og þá í tengslum við sumaráttirina Bjartir dagar, haustþlað og svo jólaþlað. Við þökkum kærlega fyrir einstaklega skemmtilegt samstarf sem við áttum við Hafnirfirðinga eða þá, sem eru með starfsemi sína þar, við gerð þessa blaðs. Gleðileg jól! Njótum aðventunnar og jólastemningarinnar í Jólaborpinu og miðbæ Hafnarfjarðar. Eiríkur Einarsson, ritstjóri.

Velkomin í Jólaborpið okkar!

- Uppskrift að skemmtilegri aðventu

Ég vil byrja á að óska öllum til hamingju með nýtt blað Hjarta Hafnarfjarðar sem nú er gefið út í fyrsta skiptið. Verslun í miðbænum er afar þýðingarmikil fyrir okkur Hafnirfirðinga og því frábært að sjá kaupmenn taka höndum saman nú á aðaluppskerutíma verslana. Samstarf Jólaborpsins og kaupmanna er ánægjulegt enda er Jólaborpið afar þýðingamikið í því markmiði að auka mannlíf og gleði í miðbænum. Ég hvet alla til að versla sem mest í okkar ágætu sérverslunum og taka þátt í Jólapakkaaleik Jólaborpsins en með því að versla í miðbænum kemst maður í útdráttarpottinn og verður dregið úr glæsilegum vinningum frá verslununum í Jólaborpinu, alla opnunardaga. Það er alltaf viss eftirvænting í loftinu þegar styttest í opnun Jólaborpsins í miðbæ Hafnarfjarðar og nú er þetta ævintýrlega þorp að verða að veruleika ellefta árið í röð. Þorpið er fyrir löngu orðið ómissandi hluti af jólastemningunni hjá Hafnirfirðingum og öðrum landsmönnum. Fagurlega skreyttu jólahúsin, fallega handverkið og jólalega góðgætið og svo auðvitað heilmikil skemmtidagskrá sem kemur öllum í sannkallað jólaskap. Grýla sér alltaf um að kynna alla á svið og spilar

því stórt hlutverk og að sjálfsgöðu kíkja synir hennar í Þorpið á hverjum degi.

sem fyrr á árum áttu ekki nægilega stór og reisluleg tré til að standa undir því



Jólaborpið byrjar laugardaginn 30. nóvember með mikilli dagskrá. Þann dag verður tendrað á tveimur jólatrjám sem eru frá vinabæjum okkar, annars vegar frá Cuxhaven í Þýskalandi og hins vegar frá Frederiksberg í Danmörku. Þessar trjágjafir eru angi af gamalli hefð og innsigla vináttu og vinarþel í garð Íslendinga

að vera aðaljólatrén í borgum og bæjum. Tréð frá Cuxhaven stendur við Flensborgarhöfn og verða ljóss þess tendruð kl. 15 en tréð frá Frederiksberg trónir í miðju Jólaborpi og verða ljósin tendruð þar kl. 17. Mikil dagskrá er á báðum stöðum og hvet ég alla til að kynna sér hana vel. Jólaborpið er miðpunktur þess sem

Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða á aðventunni. Heimsókn til Hafnarfjarðar er heimsókn í jólabæinn Hafnarfjörð, heimsókn þar sem hægt er að vera allan daginn að upplifa og gera eitthvað skemmtilegt. Og nú verður hægt að koma í kvöld heimsókn í þorpið 19. og 20. desember sem er nýjung. Finna má allar upplýsingar um opnunartímann og dagskrána á www.hafnarfjordur.is og auðvitað á feisbókinni undir Jólaborpið í Hafnarfirði. Uppskrift að skemmtilegri aðventu er í mínum huga heimsókn í Jólaborpið, rölt um Strandgötuna, álfa upplifun í Hellisgerði, rölt á strandstígnum, kíkja í búðir, skreppa á tónleika, heimsækja söfnin og svo auðvitað að enda í kakó-bolla hjá Rauða krossinum, já og á eitthvað af hinum fjölmörgu kaffi- og veitingarhúsum bæjarins. Í það minnsta veit ég að það verður tekið vel á móti ykkur. Svo er auðvitað upplagt að taka myndina í jólakortið í Jólaborpinu. Grýla og jólasveinarnir verða á svæðinu og umgjörðin um þorpið er ævintýrlega falleg. Um leið og ég sendi hlýjar kveðjur til ykkar allra býð ég ykkur hjartanlega velkomin í þorpið þar sem uppskriftnin af skemmtun er einföld. Dass af jólastemningu, teskeið af gleði, matskeið af skemmtun og útkoman getur ekki klikkað. Hlakka til að sjá ykkur í Jólaborpinu á Thorsplani. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir Bæjarstjóri.

Keppni um besta jólagluggann

Það er mjög ánægjulegt að samtök verslunareigenda í miðbæ Hafnarfjarðar hafa tekið höndum saman og vilja auka veg bæjarins og verslana í bænum með því að blása til samkeppni um besta jólagluggann 2013. Rými verslunarglugga er mjög verðmætt, þar hittast í fyrsta sinn varan og viðskiptavinurinn, mikilvægt augnablik. Þetta er vert að hafa í huga þegar ákveðið er hvernig eigi að nýta þetta pláss. Góðir gluggar selja betur, götumyndin verður glæsileg og það verður skemmtilegt að skreppa í bæinn og skoða nýjar útstillingar.



ar. Þetta veit hún Margrét Ingólfsdóttir sem hefur mikla reynslu og innsýn í útstillingar af ýmsu tagi og þá líka hvað varðar gluggaútstillingar. Hún er menntuð í þessum geira auk þess sem hún lauk námi í KHÍ í kennsluréttindum listgreina þar sem lokaritgerðin fjallaði um útstillingar. Margrét var fengin til að vega og meta gluggaskreytingar og útstillingar verslana í miðbæ Hafnarfjarðar

um sem margir hverjir lögðu sig fram í því að huga að gluggaútstillingunni hjá sér og þá um leið að taka þátt í þessari keppni, sem verður árlegur viðburður eftir þetta, eða fyrir hver jól. Margrét fór í málin og skoðaði af kostgæfni útstillingarnar í miðbæ Hafnarfjarðar og komst að niðurstöðu um hvaða verslun stæði þar uppi sem sigurvegari. En hvernig skyldi Margrét meta og dæma



þegar sú hugmynd kom upp að vera með hvetjandi samkeppni um hvaða verslun væri með bestu gluggaskreytinguna. Fékk þetta mjög jákvæð viðbrögð hjá verslunareigend-

um hvaða gluggaskreyting og útstilling sé best? „Nálgun mín byggir á áralangri vinnu við útstillingar, þannig að kannski horfi ég öðruvísi en aðrir á uppbyggingu gluggans og

get aðeins nálgast hann með það sjónarhorn. Eg horfi á þætti eins og hugmynd, litaval, framsetningu vörunnar, hvort eitthvað veki athygli mína strax. Það var skemmtilegt að sjá að margir eru búnir að gera jólagegt hjá sér, hver á sinn hátt, og eiga hrós skilið. Það má segja að nokkrar verslanir leggi að jafnaði meira upp úr gluggunum sínum en aðrar og líklegt að þar sé einnig að finna vinningshafa,“ segir Margrét. En hver var svo vinningshafinn í ár? „Af vel ígrunduðu máli og eftir að hafa farið vel yfir alla glugga miðbæjarins, þá var það ein útstilling sem mér fannst bera af og hlýtur hnossið að vera vinningshafinn. Það er Burkni, blómaverslun,“ segir Margrét. Útlistun og mat Margrétar á sigurvegaranum var eftirfarandi: Burkni: Nýtir gluggann sem sölupláss og notar tré og jólavöruna sína til að kalla fram jólastemningu, glugginn er einfaldur í náttúrulegum tónum með hvítu og grænu, glugginn er mildur en segir við mann: jólin eru að koma. Vel gert. Við óskum Burkna til hamingju með sigurinn! Vonandi verður þessi skemmtilega keppni til þess að verslanir í miðbæ Hafnarfjarðar leggi sig fram í því að huga vel að gluggaskreytingunum hjá sér en það gefur um leið mjög fagran og skemmtilegan blá á miðbæinn. kveðja Margret

Útgefandi: Hugmyndahúsið ehf.
Ritstjóri: Eiríkur Einarsson
Prentun: Landsprent
Sími: 699 7764
Auglýsingar: midborgin@gmail.com
Dreift með Morgunblaðinu og 25.000 eintökum dreift inn á hvert heimili í Hafnarfirði, Garðabæ, Álftanesi og öllum Suðurnesjum.

*Vínalega verslunarmiðstöðin
í jólabænum Hafnarfirði*

FJÖRÐUR

Velkomin
í Fjörð

Við erum í jólaskapi



MIÐEIGNARSAMTÖK
HAFNARFJARÐAR

FJÖRÐUR

Fjarðargata 13-15 | 220 Hafnarfjörður | www.fjordur.is 



Afgreiðslutími jóla 2013



Laugardagur	30. nóvember	11-18
Sunnudagur	1. desember	12-17
Mánud. 2. des.- Föstud. 6. des.		10-18
Laugardagur	7. desember	11-18
Sunnudagur	8. desember	12-17
Mánud. 9. des. – Föstud. 13. des.		10-18
Laugardagur	14. desember	11-18
Sunnudagur	15. desember	12-17
Mánudagur	16. desember	10-19

Þriðjudagur	17. desember	10-19
Miðvikudagur	18. desember	10-19
Fimmtudagur	19. desember	10-22
Föstudagur	20. desember	10-22
Laugardagur	21. desember	10-22
Sunnudagur	22. desember	10-22
Mánudagur	23. desember	10-23
Þriðjudagur	24. desember	10-13

FJÖRÐUR

– Vínaleg verslunarmiðstöð

Ath. að afgreiðslutími einstakra fyrirtækja (t.d. 10-11, Banka, Pósthúss, Apóteks, Café Aroma og Vínbúðar) er breytilegur



Fjarðargata 13-15 | 220 Hafnarfjörður | www.fjordur.is 



JÓLAÞORPIÐ Í HAFNARFIRÐI

njóttu þess með okkur

Jólaþorpið í Hafnarfirði er orðið 11 ára. Þorpið hefur risið á aðventunni á hverju ári frá 2003 og er nú orðinn ómissandi þáttur í jólahátíð Hafn-



firðinga og annarra landsmanna. Þorpið samanstendur af fagurlega skreyttum jólahúsum þar sem boðið er uppá handverk, hönnun, jólavarning

ýmisskonar, konfekt, sultur og annað góðgæti, myndlist, og að sjálfsgöðu kakó og smákökur.

Marín Hrafnadóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi, hefur séð um skipulagningu þessa stóra viðburðar í fjölda ára enda þótt fjölmargir aðrir leggi hönd á plóg. „Já ég er orðin vön því að fara að huga að jólum í ágústmánuði en þetta er alltaf jafn skemmtilegur viðburður og kærkominn – maður finnur það.“ Marín segir tilganginn með Þorpinu skýrann eða að efla líf í miðbænum, auka verslun í Hafnarfirði og skapa gleði á aðventunni. „Við þurfum að hlúa að verslun hér í bænum og fjölga heim sóknum ferðamanna, innlendra sem erlendra, og Jólaþorpið smellpassar við bæði markmiðin. Jólaþorpið gegnir þó ekki minna hlutverki sem skemmtilegur og jákvæður viðburður í hugum Hafnfirðinga þar sem leikskólabörn skreyta þorpið, nemendur grunnskóla koma að skemmtidagskrá og þannig mætti lengi

telja. Verkefnið hefur þannig orðið æ stærri þáttur á aðventunni fyrir Hafnfirðinga og gesti þeirra.“

Samstarf við Rauða krossinn og verslanir

Í ár var haft samráð við nýstofnuð Miðbæjarsamtök Hafnarfjarðar um hvenær Jólaþorpið ætti að vera opið og eins verður boðið upp á skemmtilegan jóla-pakkaleik þar sem verslanir í miðbænum gefa vörur í pakkana og síðan er dregið í leiknum í Jólaþorpinu. „Þá tengjum við saman Jólaþorpið, verslanir í miðbænum og Rauða krossinn í Hafnarfirði og verða verslanir t.a.m. með söfnunarbauka frá Rauða krossinum.“ Önnur spennandi nýjung sem Marín



jólaball með jólasveinum og Grylu verið sérstaklega vinsælt. „Það er alltaf eitthvað fyrir börnin á hverjum degi og um að gera að kynna sér vel dagskrána en alltaf er þó hægt að ganga að með vissu úti-jólaböllunum á sunnudögum kl. 15. Í ár verða líka heimsþekktir söngvarar í Jólaþorpinu eða þau Kristján Jóhannsson og Arndís Halla sem bæði koma fram til styrktar Rauða krossinum og eins setja nemendur Kristjáns svip sinn á dagskrána með fallegum söng.“

Söluhúsin eru löngu upppöntuð enda mjög vinsælt að selja vörur í Jólaþorpinu í Hafnarfirði. „Við erum enn með 20 hús en þyrftum að fjölga þeim á næstu árum enda er eftirspurn mikil segir Marín og auglýsir eftir smíð sem gæti tekið verkefnið að sér. „Þetta er orðið partur af aðventustemmingu hjá mörgum og við erum líka svo heppin að nunnurnar í klaustrinu hafa t.d. alltaf verið með okkur. Hjá þeim eru oft biðraðir enda margir sem kaupa handmáluðu kertin þeirra.“



Í ár verður opið í Jólaþorpinu allar helgar til jóla frá 12-17 og eins verður kvöldopnun síðustu þrjá dagana fyrir jól, fimmtudag, föstudag og mánudag (þorláksmessu) frá 16-21.

Börnin skreyta bæinn

Leikskólabörn Hafnarfjarðar skreyta jólatrén sem umlykja þorpið með fallegu hlutunum sem þau hafa búið til á aðventunni. Tekið er á móti um 600 leikskólabörnum sem stolt leggja leið sína í þorpið til að skreyta. Það er því virkilega fallegt um að litast í Jólaþorpinu og fjölbreytt skraut.

Í ár skreyta síðan 6. bekkingar grunnskólana viss svæði í Hellisgerði og setja ævintýrlegan blæ á garðinn fallega.

nefnir er samstarf við Eddu Heiðrúnu Backman en hún verður með styrktarsölu á verkum sínum og eins á annari vöru í Samfylkingarhúsinu að Strandgötu 43 á meðan á Jólaþorpinu stendur. „Það hefur verið ótrúlega gefandi að vinna með Eddu og hún setti saman á augabragði

frábæra dagskrá með landsþekktum listamönnum sem allir voru tilbúnir til að leggja söfnunni lið en ágóði mun renna til MND og MS félaga. Við fengum til liðs við okkur í ár Philippe Baltz Nielsen sem áður hefur unnið með Rauða krossinum í Reykjavík og hann hefur haft það hlutverk að tengja kaupmenn, Rauða krossinn og Jólaþorpið betur saman, með góðum árangri. Við sjáum fyrir okkur að nú teygi Jólaþorpið anga sína meira eftir Strandgötunni og vonumst til þess að gestir kíki á sem flesta staði enda margar skemmtilegar sérverslanir í miðbænum.“

Uppselt í október

Jólaþorpið samanstendur af 20 jólahúsum sem voru á sínum tíma flutt inn frá Þýskalandi. Jafnan er búinn til lítill ævintýraheimur með fallegum skreytingum leikskólabarna og ljósum, stígum og samkomutorgi með jólatré í miðjunni. Boðið er upp á þetta skemmtidagskrá með fjölmörgum skemmtiatriðum og hefur

Tendrað á tveimur vinabæjartrjám

Auk Jólaþorpsins er dagskrá víða um bæinn á aðventunni. „Við fáum tré frá tveimur vinabæjum okkar, annað kemur frá Fredriksberg í Danmörku en hitt frá Cuxhaven í Þýskalandi. Það er tendrað á því síðarnefnda kl. 15 og er það staðsett við Flensborgarhöfn en á trénu frá Danmörku, sem trónir í miðju þorpsins, kl. 17 og því mikið um að vera í Hafnarfirði laugardaginn 30. nóvember.“ Þá er fjölbreytt dagskrá í kirkjum og söfnum og eins verður opið í Álfagarðinum Hellisgerði en þann fallega garð hafa 6. bekkingar skreytt í tilefni aðventunnar. „Síðan er haldið upp á rafvæðinguna og þátt Lækjarins á Hátíð Hamarskotslækjar sunnudaginn 15. desember og í Hafnarborg verða Syngjandi jól haldin 7. desember en þann dag er sungið frá morgni til kvölds í Hafnarfirði, segir Marín að lokum.

Aukning á Hótel Hafnarfirði yfir 20%

Haukur Birgisson er framkvæmda- og hótelstjóri Hótel Hafnarfjarðar og hefur verið frá árinu 2009. Á þeim tíma hafa miklar breytingar átt sér stað og nú er svo komið að aukningin í gistingu á Hótel Hafnarfirði er ívið meiri en almennt gerist í Reykjavík.

„Ef skoðaðar eru tölur frá janúar til október í fyrra og þær bornar saman við sama tíma í ár er aukningin rúmlega 20% hjá Hótel Hafnarfirði, hvort sem um er að ræða fjölda ferðamanna eða nýtingu herbergja“ segir Haukur og nefnir að aukningin sé mikil frá Bretlandi og Bandaríkjunum en einnig frá Þýskalandi sem hann segir enn mikilvægasta og stöðugasta markaðinn. Hann segir þetta í takt við það sem er að gerast almennt með fjölda ferðamanna á Íslandi en nefnir að kannski megi sjá vissa stöðunun í fjölda frá Norðurlöndum nema þá frá Noregi. Sumarið í ár var afar gott fyrir

hótelrekstur á höfuðborgarsvæðinu og segir Haukur að á milli ára hafi gistingu hjá sér fjölgað um 5000 og séu orðnar 30.000 í ár á móti 25.000 í fyrra. „Það er fjölgun jafnt hjá þeim sem fara í gegnum bókunarvél og

gegnum netið.“ Haukur segir aðaltíma hótelsins vera frá mars til loka október og því hafi tímaþilið lengst verulega. „Í sumar var yfirfullt og við tókum 12 auka herbergi í notkun frá maí til septemberloka til að mæta

tveggja hótela í Firðinum. Þegar svo mikill fjöldi ferðamanna er á ferðinni verður einnig mikil aukning í matsölu til hópa og nýting á sölum Hótelshins því miklu betri. En hverju þakkar Haukur velgengnina: „Aukin tíðni fluga og fjöldi ferðamanna til landsins hefur mest að segja en við erum líka að reka hótel með góðu aðgengi. Það er stutt í allar áttir og hótelgestir eru mjög ánægðir. Við fengum certificate of Excellence í Trip Advisors en þar hefur komið í ljós að fólk er ánægt með herbergin og finnst það fá mikið fyrir peninginn enda herbergin rúmgóð.“ Þá nefnir Haukur annað afar mikilvægt atriði og það er viðmót starfsfólks sem hefur fengið afar háa einkunn. „Á höfuðborgarsvæðinu höfum við verið á meðal 10 efstu í viðmóti starfsfólks og erum afar stolt af því og 90% mæla með því að gista aftur á hótelinu.“ Hóтелиð er í mikilli sókn og nýbúið að ráða aðstoðarhótelstjóra, Sunnu Höllu Einarsdóttur, en hún hefur starfað lengi á hótelinu.



í beinum bókunum í netsölu og aukning í flug og bíl. Við leggjum ekki mikla áherslu á lausatraffik en það verður þó alltaf algengara að fólk bóki á síðustu stundu í

eftirspurn. Við köllum þetta T10 álmuna og eru herbergin staðsett í Trönuhrauni en rekin af hótelinu.“ Haukur segir að það hafi einnig verið mikil aukning hjá Hótel Víking og segir mikið og gott samstarf á milli þessara

Álfagarðurinn Hellisgerði á aðventu

Álfagarðurinn, miðstöð álfa og huldufólks er með opið í litla húsinu í Hellisgerði um helgar á aðventunni frá kl. 12 – 17. Þar er boðið uppá álfagöngur um garðinn og seldar eru álfabækur, listmunir og handverk, lífrænt huldu-

konukaffi, te og kakó og allt byggist á notalegri álfajóla-stemningu í desember. Á Vetrarsólstöðum 21. desember verður lítil ljósaathöfn með álfunum við Álfakirkjuna í Hellisgerði klukkan 11 og eru allir velkomnir.

Hátíð Hamarskotslækjar

15. desember

Hátíð Hamarskotslækjar fagnar rafvæðingu en þáttaskil urðu í sögu þjóðarinnar þegar Reykdalsveitan, fyrsta almenna rafveitan á Íslandi tók til starfa í Hafnarfirði.

Kl: 13.00 Kaldárhlaup – Viðavangshlaup 10km. Hlaupa-leiðin er farvegur Hamarskotslækjar.

Rásmark: Kaldárbotnar/ Kaldársel, hlaupið meðfram og eftir Kaldárselsvegi að Lækjarbotnum og síðan eftir göngu-stíg meðfram Hamarskotslæk, lokamark við Jólaborpið. Verðlaun og viðurkenningar strax að hlaupi loknu á sviði Jólaborpsins. Sjá nánar á hlaup.is

Kl: 17:00-18:00 Góðtemplarahús Hafnarfjarðar við Suðurgötu. Fyrirlestur og kvikmyndasýning Frumkvöðullinn Jóhannes J. Reykdal og fyrirtæki hans. Steinunn Guðnadóttir meistaranemi í mennta- og menningarstjórnun og Halldór Árni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður.

Kl. 17:00-19:00 Sögubrot um rafvæðinguna í Gúttó. Góðtemplarahús Hafnarfjarðar við Suðurgötu var eitt af fyrstu húsum Hafnarfjarðar sem voru raflýst þann 12. desember 1904. Sögusýningin segir frá frumkvöðlinum sem lýsti upp Hafnarfjörð ásamt þróun Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Söguýningin var styrkt af Hitaveitu Suðurnesja.

SYNGJANDI JÓL Í HAFNARBORG

Laugardaginn, 7. desember verða Syngjandi jólahaldin í sautjándra skiptið í Hafnarborg. Þá koma saman kórar sem samanstanda af söngfólki á öllum aldri. Syngjandi jól er samstarfsverkefni Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Skrifstofu menningar- og ferðamála og Hafnarborgar.

Laugardaginn 7. desember frá kl. 9:40 – 17

Kynnir: Sigurborg Kristjánsdóttir og Vigfús Hallgrímsson

09.40-10.00 Leikskólinn
10.00-10.20 Leikskólinn Stekkjarás
10.20-10.40 Leikskólinn Álfasteinn
10.40-11.00 Leikskólinn Brekkuhvammur
11.00-11.20 Hraunvallaskóli (leikskóli)

11:20-11:40 Leikskólinn Arnarberg
11:40-12:00 Leikskólinn Norðurberg
12:00-12:20 Barna- og unglingakór Hafnarfjarðarkirkju
12:20-13:00 Litli kór, Mið kór og Stóri kór Lækjarskóla
13:00-13:20 Kór Setbergsskóla
13:20-13:40 Kór Áslandsskóla.
13:40-14:00 Leikskólinn Hlíðarberg
14:00-14:20 Kór Öldutúnsskóla.
14.20-14:40 Litli kór Öldutúnsskóla
14:40-15:00 Hrafnistukórinn
15:00-15:20 Gaflarakórinn.
15:20-15:40 Kvennakór Hafnarfjarðar
15:40-16:00 Karlakór eldri Þrasta
16:00-16:20 Skátakórinn
16:20-16:40 Kammerkór Hafnarfjarðar
16:40-17:00 Sönghópur Hvaleyarskóla.

Byggðasafn Hafnarfjarðar er opið alla laugardaga og sunnudaga fram að jólum frá kl. 11.00 til 17.00.

Sérstök jólaústilling er í Beggubúð sem er staðsett við Byggðasafnstorgið við Vesturgötu á bak við Pakkhúsið og Sívertsens-húsið.

Jólaústillingin sýnir það sem gæti hafa verið áhugavert tengt jólum fyrri tíma þegar heilu fjölskyldurnar gengu um bæinn og skoðuð jólaústillingarnar sem gáfu hugmyndir og drauma um jólagjafir undir jólatrénu

Mikið um að vera í Firðinum fyrir jólin

Bláamaður brá sér í Verslunarmiðstöðina Fjörð sem staðsett er í miðbæ Hafnarfjarðar.

Fjörður býður upp á flest allt, sem heimilin þurfa fyrir jólin í litlum og vinalægum verslunum, auk þess er heilsugæsla, apótek og banki í húsinu.

Alveg frá upphafi hefur vöxtur Fjarðar blómstrað jafnt og þétt og sífellt fleiri verlsunar- og þjónustuaðilar hafa komið sér vel fyrir á fyrstu og annarri hæð og gert svæðið að lifandi og vinalægum miðpunkti Hafnarfjarðar. Á föstudögum og laugardögum er gjarnan mikil stemning í húsinu og þá ósjaldan settir upp markaðir á göngunum. Svo mun verða nú á adventunni. Það er hann Albert Már Steingrímsson, framkvæmdastjóri Fjarðar, sem hefur umsjón með framgangi mála í húsinu og lætur hann ekki verslunarmiðstöðina Fjörð fara á mis við að taka þátt í allri jólastemningunni sem skapast í miðbæ Hafnarfjarðar.

„Ég er búinn að vera í 9 ár hér sem framkvæmdastjóri, þar áður rak ég framköllunarþjónustu hér í húsinu, þannig að ég hef verið tengdur húsinu alveg frá upphafi, en það verður einmitt 20 ára á næsta ári. Að stórum hluta eru sömu verslanir í Firðinum og hafa verið frá upphafi, en auðvitað hafa verslanir komið og farið eins og allsstaðar. Nú eru 25 verslanir og þjónustufyrirtæki starfandi í verslunarkjarnanum, en svo eru ýmis önnur fyrirtæki starfandi í turnunum, t.d. heilsugæslan Fjörður, verkfræðistofur, útgerð, endurskoðun og ekki má gleyma frábærum veislusal á 7. Hæðinni,“ segir Albert.

Fjörður 20 ára á næsta ári

Fjörður var opnaður formlega 26. nóvember 1994 og verður því haldið upp á 20 ára afmæli hans á næsta ári. Má segja að frá árinu 1997 hafi Fjörður orðið að helstu samgöngumiðstöð Hafnarfjarðar með tengingu við leiðakerfi Strætó bs. Þótti sú ráðstöfun heppnast einstaklega vel og hefur haft hvetjandi áhrif á umferð gesta, en samkvæmt reglulegum útprentunum úr talningarvélum heimsækja á bilinu 100-120.000 manns bygginguna í hverjum mánuði. Í jólamánuðinum desember er fjöldinn mun meiri og fer stigvaxandi, ekki síst með tilkomu Jólaborpsins.

„Nú eru jólin að nálgast og höfum við ávallt verið í miklum og góðum tengslum við Jólaborpið og höfum verið með handverksmarkað á göngunum um helgar í adventunni. Það hefur hleypt miklu og góðu lífi í húsið. Þar koma hinir ýmsu hönnuðir með afurðir sínar og kynna og bjóða til sölu allskonar skemmtilega hluti. Þetta er yfirleitt sama fólkið sem kemur ár eftir ár þannig að það er komin svolítill hefð fyrir þetta. Þetta eru bæði Hafnfirðingar og svo mikið af hönnuðum frá Suðurnesjunum, en það virðist vera mikið að gerast í þeim geira hjá þeim. Það er mjög gaman að þessu. Fjörðurinn sem slíkur er náttúrlega ekki bara verslunarkjarni fyrir Hafnfirðinga, einnig kemur hingað mjög mikið af fólki af Suðurnesjum og verslar hér. Finnst því mjög þægilegt að koma hingað frekar en að fara í stóru verslunarmiðstöðvarnar í Reykjavík, fyrir utan það að sleppa við alla trafikina og umferðarþungann sem er jafnan í Reykjavík fyrir jólin. Menn þurfa ekkert að fara



Albert Már Steingrímsson, framkvæmdastjóri Fjarðar hefur í nógu að snúast fyrir jólin.

lengra en í Hafnarfjörðinn, því þar er allt til alls og eru sífellt fleiri að uppgötva

það. Svo er mjög heimilislegt og þægilegt andrúmsloft hérna hjá okkur í Firðinum,



Jólasveinar bregða á leik með börnunum



Handverksmarkaður verður á göngum Fjarðarins

svolítið öðruvísi en á mörgum öðrum stöðum,“ segir Albert.

Í samstarfi við Jólaborpið

Það er mikil fjölbreytni í verslunum í Firðinum og hafa góðar og glæsilegar verslanir vísað veginn til bjartrar framtíðar. Þróun verslunar og þjónustu hefur fyrst og fremst tekið mið af þörfum Hafnfirðinga og nágretta í suðri og norðri, sem sést best á því að viðskiptavinum úr Hafnarfirði, af Suðurnesjum, Garðabæ og Álftanesi hefur fjölgað ár frá ári og verslun verið stigvaxandi.

„Um helgar fyrir jólin verðum við með allskonar uppákomur í húsinu og setjum upp sérstakt svið þar sem margir tónlistarmenn munu stíga á stökk. Erum við í samstarfi við Jólaborpið með það, því það eru margir sem eru að spila þar sem koma svo við hérna hjá okkur. Svo bjóðum við leikskólum að koma í heimsókn til okkar og heilsa upp á jólasveinana, Skyrghám og Kjötkrók, sem koma alltaf við hjá okkur og bjóða krökkunum upp á mandarínur og annað skemmtilegt. Þeir koma 10. desember og verða hjá okkur þann daginn. Það verða um 2-300 hundruð börn sem koma frá leikskólunum í tvennu lagi, fyrir og eftir hádegi. Það er alltaf mjög gaman að heimsókn barnanna og er það orðinn viss partur af jólastemningunni hjá okkur,“ segir Albert.

Það eru mörg hlutverkin sem Albert sinnir í starfi framkvæmdastjóra Fjarðarins, og vill hann frekar láta kalla sig staðarhaldara heldur en framkvæmdastjóra út af öllum þeim margbreytileika sem starfið felur í sér.

„Jú, það eru mörg störfin og hlutverkin sem maður fer í sem ráðsmaður hússins og spilar þar hver árstíð sitt hlutverk og adventan þar ekki undanskilin, enda er hún mjög annasamur en skemmtilegur tími. En einu getum við lofað, hér leggjum við áherslu á góða þjónustu og vinalagt andrúmsloft, allan ársins hring“ segir Albert léttur í bragði og lofar góðri jólastemningu í húsinu sem endranær.

Sjálfboðaliði einn dag

Hvað er betra um hátíðirnar heldur en að láta gott af sér leiða? Í ár verður Rauði krossinn í Hafnarfirði með viðamikla fjáröflun í Jólaborpinu og þar skapast skemmtilegt tækifæri fyrir alla áhugasama til að koma jólaandanum í verk og taka beinan þátt í verkefninu.

Rjúkandi kakó og kósýheit „Við ætlum að bjóða gestum og gangandi í miðbæ Hafnarfjarðar uppá heitt kakó og tökum við frjálsum framlögum“ segir Áshildur Linnet framkvæmdastjóri Rauða krossins í Hafnarfirði. „Það skapast svo notaleg stemning í jólaborpinu og rjúkandi kakóbolli er ómissandi partur af upplifuninni. Nú verður hægt að slá tvær flugur í einu höggi og fá sér kakó og láta gott af sér leiða á sama tíma. Þetta er allt í kósýgírnum og fólk ræður hversu mikið það lætur af hendi rakna fyrir kakóbollann“.

Sjálfboðaliðar í lykilhlutverki

Við byggjum allt okkar starf upp á sjálfboðaliðum og kakósöfnunin er ekki nein undantekning. Hún er líka kjörið tækifæri fyrir þá sem alla jafnan eru ekki sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum til að taka þátt því allir geta verið með. Þetta er alveg upplagt fyrir fjölskyldur, saumaklúbba, matarklúbba, ferðaklúbba eða bara hvers konar vinahópa til að gera í sameiningu fyrir jólin. Hópar geta skráð sig saman á vakt og upplagt að skella sér svo á jólaröltið eða á góðan veitingastað að vaktinni lokinni. Þetta eru ekki nema þriggja tíma vaktir og það



Áshildur Linnet og Marín Hrafnadóttir innsigla samstarf Jólaborpsins og Rauða krossins.

verður hátíðlegur blær yfir þessu öllu segir Áshildur. Ýmsir listamenn ætla að troða upp við kakóstanda Rauða krossins sem verða á tveimur stöðum í miðbænum, annar í Jólaborpinu sjálfu og hinn á Strandgötunni.

Safnað fyrir starfi í Hafnarfirði Kakósöfnunin rennur öll til verkefna innanbæjar enda stendur Rauði krossinn fyrir fjölbreyttu starfi í þágu hafnirs samfélags. Við beinum sjónum okkar að félagslegum verkefnum að



þessu sinni enda rekum við heimsóknabjónustu, athvarf fyrir fólk með geðraskanir og ýmsa neyðaraðstoð segir Áshildur að lokum.

Hvernig er hægt að taka þátt

Þeir sem vilja taka þátt geta haft beint samband við Rauða krossinn í Hafnarfirði í síma 565-1222 eða með tölvupósti á hafnarfjordur@redcross.is einnig er hægt að fara á heimasíðu Rauða krossins www.raudikrossinn.is og skrá sig þar.

fridaskart.is



Íslensk hönnun í gulli og silfri

fríðá

GULLSMIÐUR &
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR

Strandgötu 43
Hafnarfirði

KÖKULIST Í FIRÐINUM og stemningin er fundin

Áð gera sér dagamun hjá honum Jóni í Kökulist í Firðinum getur verið ævintýri út af fyrir sig, því þar gerast margvíslegir hlutir á hverjum degi og alltaf eitthvað í gangi. Þetta er eins og að setjast niður á kaffihúsi á járnbrautarstöð þar sem maður situr í miðri lestastöðinni með sjónarhólinn til allra átta og stöðugt streymi af fólki að koma og fara. Er þetta mjög áhuga-verður sjónarhóll þar sem atburðarrásin er í algleymi á degi hverjum. Já, þetta er kaffitorgið við Kökulist sem staðsett

er miðsvæðis á jarðhæðinni í Firðinum, verslunarmiðstöð. Ekki nóg með það að hundruðir gesta komi þar við og fái sér kaffisopa og eitthvað með því, heldur tekur Jón í Kökulist á hverjum virkum degi á móti miklum vinum sínum, þar er um að ræða hina sönnu Gaflara, sem koma þar saman og ræða um heims-málin og taka fyrir hina helstu þætti mannlífsins á líðandi stund hverju sinni. Hittast þeir þarna á morgnana klukkan tíu og eru eitthvað fram á hádegi.



Kökulist tók U-beygju í öllum bakarisrekstrinum fyrir tveimur árum síðan, tóku m.a. út allt ger í brauðum og fóru að baka í spelti og er enginn sykur eða olía í brauðunum. Hefur það sannað sig að það sem er bakað í spelti hefur miklu betri áhrif á fólk. Allt brauðmeti frá Kökulist er bakað úr súrdegi.



Jón með jólasveinahúfu í góðum hópi hinna sönnu Gaflara í Firðinum.



Einn daginn nú fyrir jól ætlar Jón að setjast niður á einu borði og skrifa nöfn barna á piparkökur fyrir þau sem það vilja. Piparkökurnar geta börnin svo hengt upp í herbergnu hjá sér eða í gluggann. „Þetta er þvílíkt vinsælt meðal krakkanna sem eru yfir sig ánægð að eignast svona piparköku með nafninu sínu. Gaman að gleðja svona hjörtu. Svo

Kökulist er með öfluga veislubjónustu allt frá saumaklúbbum upp í brúðkaup. Tertur, brauðréttir tapassnittur og margskonar fingramat. Kökulist heldur sterkt í jólahefðina og bakar mikið af smákökum, tertum og konfektí fyrir jólin. Eru einnig með kakó, piparkökur og heitar vöflur.

ætlum við að vera með eitthvað vöflubakstri í ár, bæði íslenskar sem og belgískar vöflur, vera með heitar vöflu allan daginn, það er alltaf ákveðinn stemning sem myndast í kringum það, bæði að fá lyktina í húsið og gæða sér á nýbakaðri heitri vöflu,“ segir Jón í Kökulist, eldklár í að taka þátt í allri jólastemningunni sem myndast í Firðinum fyrir jólin.

Edda Heiðrún tekur þátt í gleðinni í Hafnarfirði alla aðventuna

Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opnað laugardaginn 30. nóvember og verður opið á laugar- og sunnudögum frá 12-17. Dagskráin verður stórglæsileg, en um er að ræða 11 daga þetta skemmtidagskrá Jólaþorpsins. Eins verður opið þrjá eftirmiðdaga fram á kvöld frá kl. 16 til 21, fimmtudaginn 19. desember, föstudaginn 20. desember og á Þorláksmessu.

Edda Heiðrún Bachman mun standa fyrir frábærum viðburði á Strandgötu 43 sem ber heitið „Edda og Heiðrúnardroparnir.“ Edda mun vera með á boðstólum ýmsar afurðir fyrir Grensás, MS-samtökin og MND-félagið. „Ég er með allskonar listamenn, sem koma og vonandi draga að fólk úr öllum áttum. Þetta eru mörg stór nöfn,“ segir Edda. „Og auðvitað verður allt til styrktar þarna.“

Hátíðin byrjar á aðventunni, 30. Nóvember, en þá mun stíga á stokk Tríóið úr Jeppa á Fjalli. Tríóið skipa þeir Bergþór Pálsson, Bergur Ingólfsson og Arnmundur Ernst Björnsson. Einnig mun Ingvar E. Sigurðsson lesa ljóð eftir Megas. „1. desember kemur svo Bubbi og syngur og Ólafur Stefánsson áritar Ævintýralandið,“ segir Edda. Ævintýralandið er þroskandi leikur sem þjálfar börn í að tjá sig, setja sig í spor annarra og virkja skapandi hugsun. Hafnarfjarðarbær hefur keypt leikina

og þannig mun allur ágóði renna beint til styrktar MS-samtakanna og MND-félagsins. Edda Heiðrún er enn fremur með gullfalleg málverk og myndir eftir sig til sölu.



„Ég er með eina seríu af kríum sem ég hef kosið að kalla „Fjáröflunarflug“ og hver kría hlýtur nafn sem vann í samkeppninni um fallegasta íslenska orðið:1 einstök, ljósmóðir, seigla, sindrandi og fiðringur. Þetta eru fyrstu fimm orðin. Svo verð ég með afprent, bæði af þeim og af barnamyndum, sem fólk getur keypt á lægra verði í takmörkuðu upplagi.“

Edda Heiðrún tekur þátt í gleðinni og verður í Jólaþorpinu alla aðventuna. „Ég verð alltaf í tvo tíma á dag, svona þegar uppákomur eru,“ segir Edda. „Það verða allskonar uppákomur, bæði klassískt, djass og strengjasveit símfóniunnar. Það er á öllum tímum.“ Edda nefnir að laugardaginn 7. desember muni hljómsveitin Sísý Ey troða upp og Þórarinn Eldjárn lesa ljóðin sín úr bókinni Vaknaðu Sölvi, en Edda Heiðrún málaði vatnslitamyndir í bókina. Einnig hefur Atli Heimir Sveinsson tónskáld samið sönglög við ljóðin. „Það var frumflutningur á lögnum á Myrkum músíktónum fyrr á árinu. Ég vona að það verði gaman og mikil stemning, að fólk láti gott af sér leiða og njóti þess að vera til,“ segir Edda. Aðspurð um það hvernig það hafi komið til að Edda Heiðrún hafi tekið að sér að halda viðburðinn, segir hún Hafnarfjarðarbæ hafa komið að máli við sig. „Ég ætlaði að hafa það voða rólegt, hafa róleg jól. Svo er ég bara komin á fullt í skipulag, en það er bara gaman.“ Edda Heiðrún bendir einnig á að í glugga Hafnarborgar er sýning á Kærleikskúlu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Þar eru sýndar allar gerðir kúlunnar sem komið hafa út frá upphafi auk handunninna frumgerða, vinnuteikninga og ýmiss fleira sem varpar ljósi á hugmyndavinnu listamannanna að baki hverri kúlu. Edda Heiðrún segir þetta

verða ljómandi skemmtilegt og aðalatriðið sé að njóta. „Ég vona að fólk njóti þess sem jólaboðskapurinn býður upp á, njóti þess að sjá hvert annað og geta labbað um bæinn og boðið góðan daginn.“ Segja má að Edda eigi stóran þátt í því að gera Hafnafjörð að einum vinsælasta stað landsins á aðventunni. Dagskrá Jólaþorpsins er glæsileg og gestir Eddu eru ekki af verri endanum. Meðal þeirra sem koma munu fram á viðburðinum „Edda og Heiðrúnardroparnir“ eru: Bryndís Halla sellóleikari og Sigríður fiðluleikari. Vigdís Grímsdóttir rithöfundur mun lesa úr Dísusögu, systkinin KK og Ellen munu syngja og spila, Páll Óskar og Þóra Einarasdóttir munu syngja og Eiríkur Fjalar mætir á svæðið. Einnig munu þau Auður Ava Ólafsdóttir og Ólafur Darri Ólafsson lesa ljóð og Rannveig Káradóttir sópran-söngkona mun koma og syngja. Strengjasveit Símfóníuhljómsveitar Íslands mun koma og spila en einnig munu Sigríður Thorlacius og hljómsveitin Hjaltalín leika fyrir gesti. Ljóst er að það mun verða margt um að vera alla aðventuna og Edda hvetur fólk til þess að kynna sér dagskrána og mæta. „Þetta er einn af þeim viðburðum sem gera lífið þess virði að lifa því, að hitta fólk, jólin, menningin og gjafirnar og ég tala nú ekki um ef fólk getur látið gott af sér leiða í leiðinni. Það er fullkomið,“ segir Edda að lokum. Gleðileg jól!

Júniform er komið í Hafnarfjörðinn

Júniform, tískuhönnun og verslun, hefur opnað bækistöðvar sínar og verslun á Strandgötunni í Hafnarfirði. Júniform var stofnað árið 2002 og byrjaði sem lítil saumastofa og búð á Hverfisgötunni í Reykjavík. Verslunin óx og dafnaði hratt og var ákveðið að stækka og í kjölfarið flutti verslunin á Ingólfsstræti 8. Gekk það allt saman mjög vel, en árið 2012 ákvað Birta Björnsdóttir, konan á bak við Júniform í gegnum árin, að eltast við langþráðan draum og flytja úr landi. Við tókum Birtu tali og forvitnuðumst um framgang mála og þá um leið hvað olli því að ákveðið var að opna verslunina í Hafnarfirðinum.

„Ég var búin að vera í rekstri í mörg ár og langaði að breyta til. Við fjölskyldan ákváðum að flytja til Barcelona. Ég lokaði búðinni minni og sigldi í burtu með Norrænu með alla fjölskylduna. Eftir nokkra mánuði í Barcelona var alveg ljóst að mig var farið að vanta búðina mína aftur. Þá fæddist hugmyndin að opna litla krúttlega verslun með vinkonu minni henni Helgu Sæunni Árnadóttur í húsnæði hennar við Strandgötu 32 í Hafnarfirði. Hún sér alfarið um rekstur búðarinnar og strax frá fyrsta degi hefur þessi litla verslun gengið vonum framar og erum við stöllur himinlifandi með viðtökurnar,“ segir Birta.

Júniform hefur ætíð framleitt allt á Íslandi og var tekin ákvörðun á sínum tíma að halda allri framleiðslu innan landsteinanna.

„Ég hef verið svo heppin að hafa



frábært fólk til að hjálpa mér við það. Einnig eru öll þrjónaefnin okkar þrjónuð á Íslandi, svo bý ég sjálf til og hanna öll munstur og snið. Ég geri einnig allar frumgerðirnar sjálf af öllum þeim sniðum sem ég geri



og prófa mig áfram með efni og snið þar til flíkin er tilbúin í framleiðslu. Þess má geta að einungis eru gerðar nokkrar flíkur í hverri típu og hef ég reynt eins og ég get að halda því þannig,“ segir Birta.

Júniform hefur verið mikið í fjölmiðlum í gegnum árin, tekið þátt í listasýningum, ýmislegu tískutengdu og hafa margir landspekktir skemmtikraftar og tónlistarfólk komið fram í fötum Júniform.

„Ég hef verið saumandi frá því að ég gat farið að þræða nál. Ég er lærður förðunarfræðingur og var skólastjóri No Name-förðunarskólans um árabil þar til ég stofnaði Júniform. Í frístundum mín um mála ég mikið og teikna þegar tími gefst til. Það má segja að ég hafi haldið Júniform eins smáu í sniðum og hægt er, því ánægja mín er að mestu leyti fölgín í að gera hluti í höndunum en ekki rekstur fyrirtækis. Því uni ég mér best við sniða-

kl. 13.00-17.00 og hefst með útskrift nemenda en þjóðbúningakynningin hefst kl. 14.00. Allir eru hjartanlega velkomnir og hvattir til að taka þátt bæði í messu og þjóðbúningakynningu og klæðast við það tækifæri þjóðbúningum sinna landa. Í desember verður opið alla virka daga í Annríki frá kl. 9.00-17.00. Laugardaginn 7. desember frá kl. 11.00 mun Anna María Lind Geirsdóttir verða með kynn-



ingu á tóvinnu í tengslum við námskeið sem í boði verður á vorönn 2014. Þar sýnir hún hvernig íslenska ullin er samsett úr togi og þeli, hvernig hún er kembd og spunnin á snældu eða rokk svo úr verður hráefni til að þrjúna, sauma eða vefa úr. Kl. 14.00 verður opnuð sýning á brúðum búnum íslenskum þjóðbúningum sem unnir eru af hafnfirskri alþýðukonu. Sýningin mun standa út adventuna. Laugardagana 14. og 21. desember verður opið kl. 12.00-17.00 og auk brúðsýningarinnar verður hægt að skoða safn búninga í eigu Annríkis allt frá faldbúningum 18. aldar til 20. aldar upphluta og peysufata. Hildur og Ási verða á staðnum og er fólk velkomnið að líta inn til skrafs og ráðagerðar.

Skemmtilega krambúðin Domti „Komin í Fjörðinn yndislega!“

Í versluninni Domti í Firðinum kennir ýmissa grasa. Verslunin, sem var áður til húsa í Smáratorgi, var opnuð í Hafnarfirði 18. október síðastliðinn. Sjöfn Jónsdóttir verslunarstjóri Domti sagði frá því hvernig væri að vera komin í Fjörðinn. Hvernig hafa viðtökurnar verið? „Mjög góðar. Mér finnst bara mikil gleði í fólki,“ segir Sjöfn. „Það eru nýir eigendur og verslunin komin í Fjörðinn yndislega.“ Hvernig verslun er Domti? „Þetta er mjög skemmtileg búð. Það er mikið vöruúrval, allt frá tannstönglum upp í verkfæri,“ segir Sjöfn og hlær í kampinn. Sjöfn segir verslunina vera eins og krambúð og vöruúrvalið með ólíkindum. „Viðskiptavinir segja stundum: „Ég þarf eiginlega að koma aftur og hafa meiri tíma,“ segir Sjöfn. Það er fengur fyrir Hafnfirðinga að fá verslunina inn í verslunarmiðstöðina, enda um öðruvísi verslun að ræða: „Það er engin svona verslun í bænum og það sem ég heyri fólk segja er að það sé svona stemning hérna eins og hjá kaupfélögunum úti á landi, þar sem allt fæst. Hér er hægt að gramsa og finna eitthvað sem ekki er til annars staðar.“ Er alltaf eitthvað nýtt í versluninni? „Já, það er mjög breið lína og næstum því eitthvað nýtt daglega. Við höfum verið að fara í gegnum lagerinn sem

var ansi stór, sumt er ekki komið inn til okkar ennþá en svo þurfum við að gera pláss líka. Verður eitthvað sérstakt á takteinum fyrir jólin?



„Bara að taka vel á móti fólkinu. Við verðum í jólaskapi og setjum örugglega upp jólahúfurnar, ég er komin með jóla-bjöllurnar í eyrun,“ segir Sjöfn og sýnir eyrnalokkana sína. Vöruúrvalið er svo margvíslegt að

Sjöfn segir að það sé hægt að finna eitthvað fyrir alla. „Það er alveg hægt að gera jólainnkaupin hérna á finu verði,“ segir Sjöfn. „Mér finnst kannski að við Íslendingar

segir alla geta fundið eitthvað við sitt hæfi og bætir við: „Það er allskonar fólk sem kemur til okkar. Þetta er búð fyrir alla.“ Sjöfn segist hlakka til jólanna og að það sé góð stemning í Domti: „Það er gríðarleg stemning. Við erum búin að skreyta og við erum með fullt af jólapappír, jólakort og servéttur á mjög góðu verði. Fólk kemur alveg í hrönnun núna að kaupa jólaservéttur. Stemningin er góð. Mikið fjör framundan í Domti og verður gaman að koma þangað fyrir jólin!



höldum að ef það sé ódýrt þá sé það drasl, en hérna inni hjá okkur er fullt af mjög góðum vörum á ofboðslega góðu verði.“ Verslunin Domti er skemmtileg og þangað kemur fólk á öllum aldri. Sjöfn

Snyrtistofan Rósa með margar tegundir snyrtingar



Snyrtistofan Rósa í Firðinum er rekin af snyrtifræðingnum Scarlet Cunillera sem jafnframt er að klára meistaranám í snyrtifræðum. Á Rósu vinna einngöngu lærðir snyrtifræðingar sem bjóða upp á alla almenna snyrtingu. „Það er mjög gaman að vera hérna í Firðinum og finnst mér verslunarmiðstöðin mjög aðgengileg á allan hátt. Við kappkostum að bjóða upp á mjög afslappað andrúmsloft og þægilegt umhverfi, þannig að öllum líði vel hjá okkur, bæði konum og körlum. Við erum með margvíslegar tegundir af snyrtingu og má þar nefna Lanéche-andlitsbað, Gernétic-andlitsmeðferð, vaxmeðferð, brasilískt vax, förðun, hand-snyrtingu, fót snyrtingu, augnhárs-lengingar og margt fleira,“ segir Scarlet.

„Einnig erum við með snyrtivöru-verslun þar sem við bjóðum upp

á mikið úrval af snyrti- og gjafavörum, jólagjafir bæði fyrir dómur og herra. Erum við m.a. með vörur frá Murad, Gernétic, EGF, Artdeco, Lanéche og Golden Rose-förðunarvörur. Það nýjasta hjá okkur er svo skartgripir sem eru hluti af heildinni.“

Það er opið í Snyrtistofu Rósu frá kl. 9:00 til 18:00 alla virka daga og 10:00-14:00 á laugardögum og mögulega lengur ef óskað er eftir því. Tímamantanir eru í síma 555-2056/868-2732.

Meðferðir í boði: Litun og plockun, augnhárapermanent, andlitsmeðferð, lúxus-andlitsmeðferð, nudd og maski, húðhreinsun, neglur, tattú sem er varanleg förðun á augabrúnir, fót snyrting, gel á tåneglur, vaxmeðferð, augnháralenging, handsnyrting, gel-naglalökkun, paraffín-vaxmeðferð, förðun og fleira.



Blekhyllki.is

Seljum ÓDÝRA tonera og blekhyllki í flestar gerðir prentara



www.blekhyllki.is
Fjarðargötu 11, 2 hæð
og Hagkaup Smáralind
Sími 517-0150



Slökun með slökun

"A cheerful mind has always been a perfect guide to a healthy body." Sri Chinmoy

Einkenni magnesíumskorts

Lítill orka	Kölkun líffæra
Þröttleysi	Óreglulegur hjarsláttur
Veik bein	Kvíði
Hormóna ójafnvægi	Streita
Svefntruflanir	Pirringur
Vöðvakrampar, kippir og spenna	

Sölustaðir:

Fjarðarkaup
Radísa, Strandgötu Hfj
Afreksvörur, Glæsibæ
Blómaval, Skútuvogi
Öll Apótek og heislubúðir

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

Tertur SÚFISTANS

HEIM EÐA Á VINNUSTADINN ÞINN!

Nú er hægt að panta litlar tertur (8 manna) af okkar vinsælustu tertum.

Granólaterta - Karamellu fantasía með þremur granóla-múslí botnum, rjóma og karamelluhjúp

Baby Ruth - Þriggja hæða terta með salthnetubotnum, marengsbotni, rjóma og ekta súkkulaðikremi

Baby Jane - Þriggja hæða terta með salthnetubotnum, kókosbotni, rjóma og ekta súkkulaðikremi

Gulrótarerta - Hefðbundin þriggja hæða gulrótarerta að hætti Súfistans

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu okkar www.sufistinn.is.

Einnig er hægt að senda póst á terta@sufistinn.is.

Súfistinn
Strandgötu 9, Hafnarfirði.
Mál og menning, 2. hæð,
Laugavegur 18, Reykjavík.

FANTOM – fatahönnun í blóma

Í miðbæ Hafnarfjarðar er að finna margar flottar fataverslanir og þar er líka blómstrandi starf margra íslenskra fatahönnuða. Á Strandgötunni er í hópi margra góðra fatahönnuða verslunin Fantom sem er með föt og fylgihluti eftir íslenska hönnuði, vintage-föt og ýmislegt fleira skemmtilegt. Það er hún Herdís Jóna Birgisdóttir fatahönnuður, sem fer þar fyrir, hannar, kynnir og selur afurðir sínar undir merkinu Dula. Einnig er í Fantom hönnun eftir Huldu Dröfn og Lindu Ósk Róbertsdóttur sem gengur undir nafninu Deathflower, Frost & Feathers, sem er hönnun eftir Ástrósu Steingrímsdóttur, og svo hönnun eftir Ingu Björk Andrésdóttur sem er undir merkinu The Indian in me, svo eitthvað sé nefnt.



„Það eru líka merki frá fleiri hönnuðum, en þetta eru þau merki sem eru mest áberandi í búðinni hjá mér,“ segir Herdís sem opnaði Fantom í febrúar á þessu ári með dyggri aðstoð Atla kærasta síns. „Í vintage-fötunum legg ég mesta áherslu á kjóla frá 1960-70. Ég er líka með skyrtur, pils og fleira fyrir konur og með skyrtur, vesti og jakka fyrir karlmenn. Í haust bætti ég síðan við barnahorni í búðinni sem við erum að þróa enn frekar,“ segir Herdís full af orku og sköpunarkrafti í flóru fatahönnunar sem mikill uppgangur er á í miðbæ Hafnarfjarðar. Þess ber að geta að Herdís vinnur nú að því að gera flotta heimasíðu sem hún stefnir á að verði komin í gang í desember. Þar geta menn séð margbreytileikann í fatahönnun sem Fantom er með



á sínum snærum. Vefslóðin er: <https://fantom-store.myshopify.com/>

Ingvar Viktorsson og Húmör í Hafnarfirði

Ingvar Viðarson hefur búið í Hafnarfirði í hálfa öld. Hann er fyrrverandi bæjarstjóri og bæjarfulltrúi. Einnig kenndi hann í Flensborg, var formaður FH og fleira mætti til telja. Nú er komin út bók eftir Ingvar sem ber það skemmtilega heiti „Húmör í Hafnarfirði.“ Ingvar segist hafa viljað safna saman góðum sögum og setja á pappír. „Þetta er bara hafnfirskt, þetta er svo gaman, ekkert annað,“ segir Ingvar. „Það er bara svo gaman að vera í Hafnarfirði og hefur alltaf verið. Í tilefni þess að þessi bók kemur út þá vil ég geta þess að það eru í þessari bók gamlir gengnir Hafnfirðingar, eins og Einar í Ertu, Gísli Pól, Sveinn Björnsson, Geir Gunnarsson og margir fleiri. Ég sá fram á það, því að ég þekkti þessa menn og vissi hversu skemmtilegir þeir voru og hvernig þeir lifðu lífinu, að mér fannst bara grátlegt ef þetta myndi týnast – öll skemmtilegheitin í kringum þessa frábæru karla.“ Ingvar segist hafa fundið sig knúinn til þess að skrifa sögurnar og safna þeim saman og nýtur hann góðs af reynslu sinni. „Þannig að ég settist niður og byrjaði að skrifa. Ég er náttúrulega búinn að vera hér í 50 ár og kenna í Flensborg, verið hérna í bæjarmálunum, bæjarfulltrúi í 16 ár og bæjarstjóri, formaður FH og allt eftir því, bara nefndu það! Þannig að maður þekkir orðið marga og

er búinn að heyra margar góðar sögur,“ segir Ingvar. „Um að gera að safna þessu saman og koma þessu á pappír. Þetta er bara svo gaman.“ Ingvar segist vera rétt að byrja á að skrásetja þessar skemmtilegu sögur.



„Þetta er bara upphafið. Ég er byrjaður á næstu bók, það er af svo miklu að taka og fullt af frábærum sögum sem fyrirfinnast í okkar garði,“ segir Ingvar og hlær. Sérðu þetta ekki bara fyrir þér sem

árlegan viðburð, að bók komi út um skemmtilega Hafnfirðinga? „Það er aldrei að vita, nóg er til af efninu. Það er eitt sem ég er þó alveg klár á,“ segir Ingvar glettinn. „Það eru fleiri sem geta búið til ferskeytlur og limrur

kersknívísur og annað. Svona vísur um menn og málefni í Hafnarfirði þegar þau voru að gerast er ómetanlegt. Er ég alveg sannfærður um að ég á eftir að gera slíka bók allavega.“ Þú ert akkúrat rétti maðurinn til þess að gera svona bók og safna þessu öllu saman, er það ekki? „Ég þekki náttúrulega marga og sumir hafa sagt að ég þekki alla, en það hefur nú breyst með stækkun bæjarins. Þetta var náttúrulega þannig þegar maður kenndi í Flensborg, þá fékk maður alla til sín. Elstu nemendur mínir í dag eru fæddir árið 1950. Ef fólk er á aldrinum 30 ára og upp úr, þá ætti ég að þekkja það. Galli eða kostur, ég er svo mannglöggur, ég man nöfnin á öllum. Þetta var fínt í pólitíkinni, ég gat gengið hér um göturnar og heilsað fólki og spjallað við það,“ segir Ingvar og hlær. „En þetta er líka ókostur. Konan neitaði að koma með mér í Skiphól í gamla daga vegna þess að maður komst aldrei nema upp á pallinn, því þá voru nemendurnir komnir og maður bara gleymdi frúnni og settist á barinn með nemendunum og sagði sögur og svoleiðis,“ segir Ingvar og hlær dátt. Húmör í Hafnarfirði er frábær bók og margir fagna útgáfu hennar. Hefur hún nú þegar fengið góð viðbrögð og vakið mikla athygli og segja má að bókin sé skyldueign hvers Hafnfirðings!

Gömlu jólin í Byggðasafninu

Nú þegar líða fer að jólum og við verðum öll upptekin af hverskonar undirbúningi hátíðanna með þeim siðum og venjum sem þeim fylgja er við hæfi að staldra við og líta til baka, kynna sér sögu síðanna og þróun þeirra í gegnum árin. Byggðsafn Hafnarfjarðar leggur sitt af mörkum við jólaundirbúninginn með jólaútstillingu í Beggubúd og hinni sívinsælu jóladagskrá sem haldin er fyrir yngstu bæjarbúana. Jóladagskrá Byggðasafns Hafnarfjarðar stendur yfir í tvær vikur og er miðuð að leikskólastiginu. Hún fer þannig fram að leikskólabörnum er boðið í heimsókn í Sívertsens-húsið þar sem þeim er sagt frá jólahaldinu



þegar Bjarni, Rannveig, Sigurður og Járngerður Júlía bjuggu í húsinu fyrir um 200 árum. Þá er þeim til dæmis sagt



frá jóla-eplunum og heimsókn danska krónprinsins sem þáði súkkulaði með rjóma. Sagðar eru sögur af lífinu og

tilverunni á þeim tíma og að lokinni skoðunarferð um húsið slæst í hópinn rammíslenskur jólasveinn sem segir börnunum skemmtilegar sögur af sjálfum sér og bræðrum sínum auk þess að syngja, dansa og sprella með börnunum. Um 1.800 leikskólabörn eru skráð í dag-skránnu að þessu sinni. Byggðasafnið setur einnig upp sína árlegu jólaútstillingu í Beggubúd sem er staðsett við Byggðasafnstorgið við Vesturgötu á bak við Pakkhúsið og Sívertsenshús. Jólaútstillingin sýnir það sem gæti hafa þótt áhugavert og tengst jólum fyrri tíma þegar heilu fjölskyldurnar gengu um bæinn og skoðuð jólaútstillingarnar sem gáfu hugmyndir og drauma um jólagjafir undir jólatrjánum.

Gamlar myndir frá Hafnarfirði



Hafnarfjörður. Lækurinn á milli Hverfisgötubrúar og Austurgötubrúar. Myndin er tekin frá Hverfisgötubrúnni og miðureftir Þjóðkirkjan blasir við á miðri mynd í baksýn



Húsnæði Rafha við Lækjargötu, myndin er tekin að vetrarlagi og má sjá jólaskeytingar á húsinu.



Vetrarmynd. Helligata séð austureftir. Snjóskafar, maður að skafa.



Leikfélag Hafnarfjarðar er skráð fyrir myndum. Tvær myndir á einni plötu af leikara í jóla-sveinahlutverki, Askasleikir. Myndir teknar í febrúar 1937.



Kveikt á Jólatrénu á Thorsplani.



Ljósmynd þessi var tekin í suður eftir Strandgötunni. Á henni sjást húsin númer 4, 5, og 6 við götuna. Myndin er tekin um jól 1953 eða 54. Hafnarfjörður



Svæðið við lækinn, milli Austurgötu og Hverfisgötu, séð frá Hamrinum. Hús Guðjóns Arngrímssonar er komið og er fyrir miðri mynd. Barnaskólinn er ekki kominn, og líklega er myndin frá ca. 1920.



Vetramynd, tekin af holtinu yfir bæinn. Fremst á myndinni er fótboltavöllur Haukanna á holtinu. í bakgrunn er svo bærinn allt frá Suðurgötu vestur í bæ.



Gunnlaugsbúð við Austurgötu í Hafnarfirði. Myndin líklega tekin í kringum 1940



Safnverslunin í Hafnarborg

Hafnarborg rekur safnverslun í samstarfið við Spark hönnungargallerí þar sem finna má frábæra nýja íslenska hönnun, þar á meðal trefla frá hönnunarteyminu Vík Þrjónsdóttur, ilmvötn Andreu Maack, vörur úr heimilislínu Scintilla, fiskibeinaleikföng eftir Róshildi Jónsdóttur, hina margverðlaunuðu Sasa klukku eftir Þórunni Árna-dóttur og fleira frá hönnuðum á

borð við Tinnu Gunnarsdóttur og Sigríði Rún Kristinsdóttur auk þess sem boðið er upp á úrval af fallegum myndlistarbókum, kort og sérhannaðan gjafapappír. Fyrir jólin verður Kærleikskúla Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til sölu í safnverslun Hafnarborgar líkt og fyrri ár. Styrktarfélagið hefur stað-ið að útgáfu Kærleikskúlunnar frá árinu 2003 en ár hvert fær kúlan nýtt útlit og er verkið í höndum

fremstu listamanna þjóðarinnar. Í desember verður sett upp sýning í glugga Hafnarborgar þar sem tækifæri gefst til að skoða allar gerðir Kærleikskúlunnar frá upphafi, auk þess sem sýndar verða handmál-aðar frumgerðir, vinnuteikningar og fleira sem gefur innsýn í hug-myndavinnu listamannanna.

Íslensk hönnun og myndlistarbækur



Listakonan Rúna í Hafnarborg

Í Hafnarborg stendur yfir sýning sem gefur innsýn í fjölbreyttan feril listakonunnar Rúnu - Sigrúnar Guðjónsdóttur. Á sýningunni, sem ber titilinn Dvalið hjá djúpu vatni, eru verk frá öllum listferli Rúnu (f. 1926), þau elstu frá því um 1950 en þau nýjustu frá þessu ári.

Rúna hefur í gegnum tíðina unnið að listsköpun sinni með margvíslegum hætti. Má þar nefna skreytingu leir-muna, myndir málaðar á stein- og postulínsflísar og efnismikinn japansk-an pappír, bókaskreytingar og auglýs-ingagerð auk fjölda veggmynda fyrir opinberar byggingar sem hún vann oft í samstarfi við eiginmann sinn Gest Þor-grímsson.

Þau hjón Gestur og Rúna teljast á meðal frumkvöðla íslenskrar leirlistar og stofnuðu meðal annars leirbrennsl-una Laugarnesleir árið 1947, smíðuðu leirbrennsluofninn sjálf og prófuðu sig áfram með íslenskan leir og gerð glerunga. Leirinn hefur ætíð skipað mikilvægan sess í list Rúnu enda eitt af því sem einkennir verk hennar rík efniskennd og áhugi á samspili efnis og myndrænnar útfærslu.

Margir kannast eflaust við veggdiska eftir Rúnu sem gefnir voru út í tilefni



Dvalið hjá djúpu vatni - ævistarf Rúnu sýnt í Hafnarborg

1100 ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974. Þjóðhátíðarnefnd stóð fyrir sam-keppni um minjagripi og hlaut Rúna 1. verðlaun fyrir teikningar af þremur kringlóttum vegg sem hún vann út frá landnáminu. Veggskildirnir voru fram-leiddir af danska postulínsfyrirtækinu Bing & Grøndahl og er þá eflaust enn

að finna á fjölda íslenskra heimila. Með þessu verkefni hófst samstarf Rúnu við Bing & Grøndahl, en forsvarsmenn fyr-irtækisins voru áhugasamir um hönnun hennar og fengu hana til að gera fyrir sig fleiri teikningar. Í kjölfarið fram-leiddu Bing & Grøndahl diska, skálar og bakka, auk þriggja stórra veggmynda

eftir teikningum Rúnu og var hún fyrsti íslenski listamaðurinn sem starfaði fyrir fyrirtækið.

Á löngum ferli hefur Rúna tekið þátt í fjölda sýninga og árið 2005 var hún útnefnd fyrsti bæjarlistamaður Hafnar-fjarðar. Verk sín vinnur Rúna í hina ýmsu miðla en á sýningunni í Hafnar-borg má sjá leir- og postulínsmuni, mál-verk og teikningar unnar á japanskan pappír, myndir málaðar á stein- og postulínsflísar og fjöldann allan af



teikningum og skissum tengdum vegg-myndum hennar, bókaskreytingum, auglýsingum og hönnunarverkefnum . Margir þekkja til verka Rúnu þar sem algeng myndefni eru kvenfígúrir, fiskar og fuglar, fjöll og fjara, speglanir og óræð form, en fingerðar og léttar teikn-ingar hennar bera ótvíræðum hæfileik-um vitni. Rúna starfar enn að list sinni af miklum krafti og má sífellt sjá nýja þróun í verkum hennar, enda er hún óhrædd við að gera tilraunir með mynd-mál og vinnuaðferðir og sköpunarþráin jafnstærk og lifandi og áður.

Sölu tímabil 5. – 19. desember

Casa - Kringlunni og Skeifunni

Epál - Skeifunni, Hörpu og Leifsstöð

Gallerí i8 – Tryggvagötu

Hafnarborg - Hafnarfirði

Kokka - Laugavegi

Kraum - Aðalstræti og Garðatorgi

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu

Líf og list - Smáralind

Módern - Hlíðarsmára

Þjóðminjasafnið - Suðurgötu

Around Iceland – Laugavegi

Blómaval - um allt land

Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki

Póley - Vestmannaeyjum

Valrós - Akureyri

Netverslun - www.kaerleikskulan.is


KÆRLEIKSKÚLAN

HUGVEKJA

Rara K.A.

Markmiðið með sölu Kærleikskúlunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í þeirra þágu.

STYRKARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA



HERRA HAFNARFJÖRÐUR

Verslunarmiðstöðinni Firðinum
Sími: 572 3400

Erum í jólasþingi

Þú færð fötin á herrann hjá okkur

Höfum opnað glæsilega verslun í
Verslunarmiðstöðinni Firði Hafnarfirði

Aðeins fjögur verð í búðinni

Besta
verð
290

Betra
verð
390

Gott
verð
690

Frábært
verð
990

*Komdu og gerðu jólainnkaupin hjá okkur
á hagkvæmu verði.*

Allt fyrir heimilið

Jólasþingi



DOMTI

Þín innkaup á einstöku verði

EYMUNDSSON

Þægileg verslun á rótgrónum stað

Við Strandgötuna er Eymundsson Hafnarfirði, sem er þægileg verslun með gott vöruúrval. Verslunin er til húsa þar sem Bókabúð



Ólivers Steins var í áratugi áður og er því mjög rótgróin staðsetning bóka-búðar í Hafnarfirði.

Hafnfirðingar koma þangað til að kaupa sér bækur, ritföng og fleira enda er mikið vöruval í Eymundsson í Hafnarfirði. Í versluninni er stór ritfangadeild, mikið úrval bóka, tíma-rita, DVD, tónlistar, tölvurekstrarvara, gjafavara og leikfanga. Þar er líka hægt að fá ferðatöskur, spjaldtölvur og fleira. Einnig er að finna góða barnabóka-deild, skólatöskur, myndlistarvörur, landakort, minjagripi, spil og gjafavörur.

„Úrvalið er mismunandi á milli búða Eymundsson/Pennans, en hérna erum við með allt nema húsgögn. Við erum með talsverða fyrirtækjaþjónustu, mikið úrval í bókum og skólabækurnar fyrir framhaldsskólana á svæðinu, þ.m.t. skiptibækur,“ segir Steinunn Ólafsdóttir verslunarstjóri.

Finnst fólki skemmtilegra að koma í þessa Eymundsson-verslun en aðrar?

„Það er náttúrulega misjafnt, hver búð hefur sín sérkenni, en búðin er rótgróin hérna og margir Hafnfirðingar vilja ekki þurfa að fara langt eftir vöru og þjónustu. Við eigum okkur mjög marga fasta viðskiptavini og vinalegt andrúmsloft er í búðinni. Margir fastakúnnar eru orðnir miklir vinir okkar og stundum mikið spjallað. Við erum

með kaffi hérna inni í horni og þar er hægt að setjast niður, hlusta á tónlist, kíkja í bók og lesa blöð.“

Í Eymundsson Hafnarfirði verða margar skemmtilegar uppákomur fyrir

ig tengist jólaþorpinu og því að mikið er um að vera í götunni. Í jólaþorpinu eru tónleikar og ýmsir viðburðir. Í ár verður jólapakkaleikur í Jólaþorpinu, þar sem vinningar verða margir og



jólin. Í versluninni verða útgáfuteiti, boðið upp á áritanir og viðburði af ýmsu tagi alla adventuna. Í versluninni er mikil stemning fyrir jólin, sem einn-

fjölbreytilegir. Eymundsson tekur að sjálfsögðu þátt í leiknum og verður með bækur og fleira í verðlaun. Það verður spennandi að fylgjast með því!

Mind Boutique er í Firðinum



Harpa Skúladóttir, verslunarstjóri Mind Boutique

Vissir þú að Mind Boutique er í Firðinum?

En það er verslun fyrir konur eins og þig.

Jólafötin eru komin í hús.

Eigum mikið úrval af fatnaði og fylgihlutum.

Jakkar, kjólar, skinn, töskur og fleira.



Fyrstir á Íslandi til að framleiða springdýnur

RB-rúm á Dalshrauni 8 er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem hóf framleiðslu á springdýnum. Fyrirtækið var stofnað af Ragnari Björnssyni árið 1943 og fagnar því 70 ára afmæli í ár. Fyrirtækið hefur alla tíð verið starfrækt í Hafnarfirði, og af því tilefni verður opið hús í versluninni hinn 1. desember kl. 13 – 16. Allir eru velkomnir.

RB-rúm er fjölskyldufyrirtæki og hefur Birna



Ragnarsdóttir rekið verslunina um áratugaskeið. Fyrirtækið sérhæfir sig í hönnun springdýna, rúma og á bólstruðum rúmgöflum, náttborðum og fleiri fylgihlutum, viðhaldi á springdýnum og eldri húsgögnum. RB-rúm hlaut árið 2010 alþjóðleg verðlaun á International Quality Crown Awards í London, fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu.

„Það var faðir minn Ragnar sem stofnaði fyrirtækið árið 1943. Hann var alltaf opinn fyrir nýjungum og eftir að hann var búinn að læra húsgagnabólstrun fór hann til Danmerkur að læra framleiðslu á springdýnum. Það vill svo skemmtilega til að það hafa margir í minni ætt lært húsgagnabólstrun. Á þeim tíma var ekki margt í boði og fólk svaf á hálmdýnum og slíku.“

Hvernig kom það til að þú fórst að vinna hérna?

„Eins langt aftur og ég man var ég alltaf hérna í kringum pabba á verkstæðinu. Það var mjög gaman að fara með honum að mæla upp húsgögn og rúmstæði heima hjá fólki. Maður fékk þetta beint í æð. Þetta gerum við ennþá í dag. Svo vann ég hérna með skólanum, mér fannst þetta alltaf voða gaman því að það var svo mikið um að vera. Þetta er svo fjölbreytilegt. Þegar ég hætti í Flensborg bauð pabbi mér að koma á samning, hann sagði þetta svona meira í gríni. Svo þróaðist þetta þannig að ég fór á samning og fór í iðnskólan. Það var á árunum 1980–81 og ég hef ekkert farið héðan síðan.“

Nú hefur fyrirtækið staðist tímans tönn, er eitt hvert tímabil sem er þér eftirminnilegt?

„Það var náttúrulega virkilega skemmtilegur tími þegar ég var að læra húsgagnabólstun. Þá var mikið um að vera í bólstrun. Við unnum mikið

fyrir verslanir um allt land, en núna seljum við um 90% af því, sem við framleiðum, beint út frá okkur. Svo eftir 2008 hefur orðið mikil aukning í að endurvinna og laga bæði gömul húsgögn og springdýnur. Núna hugsar fólk betur um það sem það á og vill nýta það. Svo hefur ferðamannastraumurinn aukist til muna og við höfum unnið mörg hótélrúmin fyrir hótélina um allt land.“

Hvað gerir þessa verslun öðruvísi en aðrar?

„Hér er starfsfólk sem er búið að læra þessa iðn, bæði bólstrun og faglærðar saumakonur. Þetta er handavinna og nákvæmisverk. Það sem við höfum fram yfir aðra er að við getum veitt þjónustu fyrir vörurnar okkar þegar þær fara að láta undan.“

Er hættu á að dýna sem maður fær sérstaklega fyrir sig eyðileggist ef einhver annar notar hana?

„Nei, við gerum dýnur fyrir hótél og gistiheimili þar sem margir sofa. Þá er yfirleitt tekinn þessi meðalstífleiki. Við búum til fjóra stífleika en það er talið að allir geti sofið á meðalstífleika í nokkrar nætur. Hins vegar, ef menn eru að kaupa fyrir sjálfa sig, búum við til stífleika fyrir þeirra þyngd. Þetta er bara eins og ég segi stundum, „klæðskerasað.“ Við erum eins mismunandi og við erum mörg. Þannig að eitt hentar öðrum og hinum ekki.“

Getið þið lagað dýnur sem ekki framleiddar hjá ykkur?

„Ég er oft spurð að þessu og við myndum hikaust gera það ef dýnurnar væru þannig að það væri hægt að vinna í þeim. En flestallar innfluttar springdýnur eru ekki framleiddar miðað við að það sé hægt að endurvinna þær. Við framleiðum springdýnur okkar þannig að við getum hæglega farið inn í þær og breytt þeim. Við leggjum mikið upp úr að veita bæði faglega og persónulega þjónustu. Að útlista í gegnum síma segir ekki nema helminginn. Ef fólk getur komið og við getum sest niður og spjallað er það mjög gott.“

Birna segir RB-rúm stuðla að íslenskri hönnun. Þau framleiða flestallt sem þarf til að fólk geti sofið vel.




JÓLAPAKKINN 2013

Í áráraðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir þínum óskum. Við hvetjum landsmenn til að panta tímalega fyrir jólin.

Í verslun okkar finnur þú einnig úrval fylgihluta í svefnherbergið og ýmsa gjafavöru.

Nýtt hjá okkur eru glæsileg handklæði í mörgum stærðum frá Esprit sem eru tilvalinn í jólapakkann.

Opið virka daga frá kl 8-18, laugardaga 10-16 og sunnudaga frá 13-16 fram að jólum.



RB rúm

Dalshrauni 8 | Hafnarfirði

Sími 555-0397 | rum@rbrum.is

70 ára 1943 - 2013

Velkomin í Jólaborpið

Opið allar aðventuhelgar kl. 12-17

19. og 20. desember kl. 16-21

Þorláksmessu kl. 16-21

Dagskrá helgina 30.11. – 1.12. 2013

Laugardagurinn 30. nóvember

Jólaborpið opnar!

13:00 Jólasveinn mætir alltof snemma til leiks!
14:00 Hljómsveitin Coobrick spilar
14:40 Kór Öldutúnsskóla syngur
15:00 Nemendur Kristjáns Jóhannssonar syngja
15:30 Barnakór Víðistaðakirkju

Tendrun á jólatrénu

16:30 Lúðrasveit Hafnarfjarðar
16:40 Gunnar Axel Axelsson, formaður bæjarráðs
16:45 Karlaórinn Þrestir ásamt Kristjáni Jóhannssyni
17:00 Ernst Hemmingsen, afhendir Hafnfirðingum jólatréð fyrir hönd Fredriksbergs, vinabæjar Hafnarfjarðar
17:10 Grýla og jóli telja niður og tendra ljósin ásamt gestum Jólaborpsins
17:15 Álfadrottningin sjálf mætir til leiks.
17:25 Grýla og jóli bregða á leik

Sunnudagurinn 1. desember

13:15 Birgitta Sveinsdóttir, 11 ára, syngur
13:30 Nemendur úr söngskóla Margrétar Eirar syngja
14:00 *Jólanótt Viktoríu* – leikarar úr Borgarbörnum, barna- og unglingaleikhúsi
14:30 Nemendur Kristjáns Jóhannssonar syngja
15:00 Úti-jólaball með Mjallhvíti og dvergnum Putta
16:00 Sveinn Sigurjónsson leikur jólalög á nikkuna

Dagskrá helgina 7.12 – 8.12. 2013

Laugardagurinn 7. desember

13:00 Nemendur úr söngskóla Margrétar Eirar syngja
13:30 Rauðhetta og úlfurinn, söngur og fjör
14:00 Kvennakór Hafnarfjarðar syngur
14:30 Þórunn Stefánsdóttir syngur
15:00 Jóli og Grýla bregða á leik
15:45 Nemendur Kristjáns Jóhannssonar syngja
16:00 Margrét Arnardóttir röltir um með nikkuna

Sunnudagurinn 8. desember

13:00 Nemendur Kristjáns Jóhannssonar syngja
14:00 Rauðhetta og úlfurinn, söngur og fjör
14:30 Kór Ástjarnarkirkju og Barnakór Ástjarnarkirkju
15:00 Úti jólaball. Dóróthea ásamt vini sínum úr Oz
16:00 Margrét Arnardóttir röltir um með nikkuna

EDDA OG HEIÐRÚNARDROPARNIR

Dagskrá og styrktarsala að Strandgötu 43

– Samstarfsverkefni Eddu Heiðrúnar Backman og Jólaborpsins –

Laugardaginn 30. nóv. kl. 15: Tríóið úr *Jeppa á Fjalli*: Bergþór Pálsson, Bergur Ingólfsson og Arnmundur Ernst Björnsson. Ingvar E. Sigurðsson les ljóð eftir Megas.

Sunnudaginn 1. des. kl. 16: Þorsteinn Guðmundsson flytur gamanmál. Sigurður Skúlason les ljóð eftir Gyrði Eliásson.

Laugardaginn 7. des. kl. 16: Sísý Ey. Þórarinn Eldjárn les ljóð

Sunnudaginn 8. des. kl. 14 og 16: Ólafur Stefánsson áritar *Ævintýraspilið* frá kl. 14-16. Spilin eru seld til styrktar MND féluginu. Eiríkur Fjalar kl. 16.

Laugardaginn des. 12. kl. 16: Þóra Einarsdóttir syngur. Auður Ava Ólafsdóttir les ljóð.

Sunnudaginn 15. des. kl. 16: Páll Óskar og Rannveig Káradóttir syngja. Ólafur Darri Ólafsson les ljóð.

Föstudaginn 20. des. kl. 18: Bryndís Halla sellóleikari og Sigríður fiðluleikari. Vigdís Grímsdóttir les úr *Dísusögu*.

Sunnudaginn 22. des. kl. 18: KK og Ellen, Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sigríður Thorlacius og hljómsveitin Hjaltalín (nánari tímasetning auglýst síðar).

Ofantalda daga er opið á sama tíma og Jólaborpið. Myndir, jólakort og ýmis annar varningur seldur til styrktar MND féluginu.

CUXHAVENTRÉÐ VIÐ FLENSBORGARHÖFN

Laugardaginn 30. nóvember verður tendrað á öðru vinabæjartré í Hafnarfirði en það er Cuxhaventréð við höfnina kl. 15. Sendiherra Þýskalands, fulltrúar Hafnarstjórnar og Cuxhaven flytja ávarp, leikskólakór frá Víðivöllum syngur og jólasveinar kæta mannskapinn. Margrét Arnardóttir leikur á harmonikku. Kakó á Kænunni að lokinni skemmtun.

Laugardag 30. nóv. kl. 14-18 OPNAR VINNUSTOFUR Í DVERGI

Listamennirnir Jórunn Jörunds-
dóttir, Helgi K. Pálsson, Sigrún Óla
og María Aldis Kristinsdóttir taka
vel á móti gestum og gangandi.
Gengið inn frá Brekkugötu.
Heitt á könnunni.

UNGLINGURINN

leiksýning í Gaflaraleikhúsinu.

Sunnudag 1. des. kl. 17

Sunnudag 8. des. kl. 17

BÆJARBÍÓ

Laugardag 30. nóv. kl. 16:

Bókmenntajöfrar á kvikmyndatjaldi, Tsjechov.

Laugardag 7., 14. og 21. des. kl. 16:

Rússneskur vetur í Bæjarbíó.

Ballettinn í Sovéskum kvikmyndum.

ÆVINTÝRI Á AÐVENTU Í HELLISGERÐI

Sjöttu bekkingar í grunnskólum
Hafnarfjarðar hafa skreytt ýmis
svæði garðsins á listrænan hátt.

ÁLFAGARÐURINN opinn
um helgar á aðventunni frá
12-17. Álfabækur og listmunir,
huldukonukaffi og fleira.

Sunnudag 1. des. kl. 14-17: ÞJÓÐBÚNINGAKYNNING Í GÚTTÓ

Útskrift nemenda,
þjóðbúningakynning og sýning
á þjóðbúningadúkkum.



HAFNARFJÖRÐUR

SPARNADUR



Rauði krossinn
Hafnarfirði

Í hjarta Hafnarfjarðar kúrir lítið jólaþorp með fagurlega skreyttum húsum sem teygir sig inn á Strandgötuna, aðalverslunargötu bæjarins. Þar hafa kaupmenn ýmsan varning á boðstólum og fjölbreytt skemmtidagskrá hljómar af sviðinu um hverja helgi.

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA!

Jólapakkaleikur Jólaþorsins

Verslaðu í miðbæ Hafnarfjarðar og taktu þátt í skemmtilegum jólapakkaleik. Dregið alla daga um glæsilega vinninga í Jólaþorpinu.



Jólaþorpið
Hafnarfirði

Dagskrá helgina 14.12 – 15.12. 2013

Laugardagurinn 14. desember

- 12:30 Unglingakór Lækjarskóla og Stórikór Lækjarskóla
- 13:00 Nemendur Kristjáns Jóhannssonar syngja
- 13:30 Gosi sjálfur mætir eldhress
- 14:00 Listdanssskóli Hafnarfjarðar
- 14:30 Eiki Einars
- 15:00 Jóli og Grýla
- 15:30 Birgitta Sveinsdóttir 11 ára nemandi í Hraunvallaskóla syngur
- 16:00 Margrét Arnardóttir röltir um með nikkuna

Sunnudagurinn 15. desember

- 13.00 Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar
- 13:30 Jólasveinn á sveimi
- 14:00 Verðlaunaafhending Kaldárhlaups – sjá hlaup.is
- 14:15 Nemendur Kristjáns Jóhannssonar syngja
- 15:00 Fjörugt úti-jólaball. Rauðhetta stýrir ballinu og henni fylgir Hans hátign
- 16:00 Eiki Einars

Dagskrá dagana 19.12 – 23.12. 2013

Fimmtudaginn 19. desember

Opið frá kl. 16-21

- 17:00 Skólahljómsveit Viðistaðaskóla
- 17:30 Jólasveinn bregður á leik
- 18:00 Listdanssskóli Hafnarfjarðar
- 19:00 Sveinn Sigurjónsson leikur jólalög á nikkuna

Föstudagurinn 20. desember

Opið frá kl. 16-21

- 17:00 Jólasveinn bregður á leik
- 18:00 Nemendur Kristjáns Jóhannssonar syngja
- 18:30 Eiki Einars
- 19:00 Sveinn Sigurjónsson leikur jólalög á nikkuna
- 20:00 Bongótrommuleikur með Bangouraband

Laugardagurinn 21. desember

- 13:00 Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar
- 13:30 Ella umferðartröll fer yfir málin með börnunum
- 14:00 Þórunn Stefánsdóttir syngur
- 15:00 Jólasveinn bregður á leik
- 16:00 Margrét Arnardóttir leikur á nikkuna og skapar ljúfa stemningu

Sunnudagurinn 22. desember

Opnar kl. 11

- 11:00 Jólaball Fríkirkjunnar í Hafnarfirði
- 13:00 Sveinn Sigurjónsson leikur jólalög á nikkuna
- 14:00 Jólasveinn bregður á leik
- 15:00 Jólaball með Sigga Hlö og jólasveinum

Mánudagurinn 23. desember Þorláksmessa

Opið frá kl. 16-21

- 17:00 Jólasveinn bregður á leik
- 19:00 Sveinn Sigurjónsson leikur jólalög á nikkuna
- 19:30 Rótarý klúbburinn Straumur býður uppá Jólagöngu Hafnarfjarðar ásamt Hafnarfjarðarbæ. Gangan fer frá Fríkirkjunni og endar í Jólaþorpinu klukkan 20. Kammerkór Hafnarfjarðar leiðir gönguna með söng. Takið þátt í skemmtilegri Þorláksmessugöngu.

20:00 Þorláksmessutónleikar Jólaþorsins

Eyjólfur Kristjánsson og söngnemar Kristjáns Jóhannssonar koma öllum í innilegt jólaskap

Laugardagur 7. des.

SYNGJANDI JÓL

9:30-17:00 í Hafnarborg
Syngjandi jól eru nú haldin í sautjanda sinn og skartar þessi frábæri viðburður söngfólki á öllum aldri.

Sjá nánar á
www.hafnarfjordur.is.

Sunnudagur 15. des.

HÁTÍÐ

HAMARSKOTSLÆKJAR
fagnar rafvæðingu en fyrsta almenna rafveitan á Íslandi tók til starfa í Hafnarfirði.

Kl. 13

Kaldárhlaup

10km viðavangshlaup.
Sjá nánar á hlaup.is

Kl. 17-19

Gúttó, Suðurgötu 7

Fyrirlestur, kvikmyndasýning,
og sögubrot um
rafvæðinguna.

BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR

opið um helgar frá kl. 11- 17. Jólaústilling í Beggubúð við Byggðasafnstorgið (á bak við Pakkhúsið og Sívertsens-húsið)sem sýnir jólavarning tengdum jólum fyrri tíma.

HAFNARBORG Á AÐVENTU

Dvalið hjá djúpu vatni – Rúna.

Sýning um fjölbreyttan feril listakonunnar Rúnu - Sigrúnar Guðjónsdóttur.
Sýning á Kærleikskúlu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 2003-2013.

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir ræðir um sýninguna sunnudaginn 1. desember kl. 15.

Þriðjudagur 3. desember kl. 12
Hádegistónleikar.

Rúnar Óskarsson klarinettuleikari og Antonía Hevesi píanóleikari.

JÓLADAGSKRÁ FJARÐAR

Sjá allt um söng- og skemmtidagskrá verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar á www.hafnarfjordur.is. M.a. koma fram Nemendur Kristjáns Jóhannssonar, Öldutúnsskólakórinn, Eiki Einars og auðvitað jólasveinar.

HÖNNUÐIR WORKSJOP sýna

vörur sínar að Strandgötu 11.
Opið 12-18 alla daga í desember.

Sjáumst í Jólaþorpinu!
Dagskrá, myndir o.fl.
á Facebook





gæfur þú komið í Jólaperfið?

